

## Yfirlýsing til þinglýsingar

Þess er hér með farið á leit að þinglýst kvöð á fasteign Ísafjarðarbæjar, Skrúð í Dýrafirði, landnúmer 140992, sbr. skjal nr. 418-F-000415/1994, verði afmáð úr veðmálabókum.

Hin þinglýsta kvöð er samkomulag um svokallað verndarsvæði umhverfis garðinn Skrúð, sem þáverandi landeigendur jarðarinnar Núps (140975) og framkvæmdaneftnd Skrúðs, gerðu þann 12. júní 1994 og þinglýst var á landnúmer Skrúðs (140992) þann 16. júní 1994 (418-F-000415/1994).

Með samkomulagi menntamálaráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar, dagsett 5. nóvember 1997, og þinglýst var 2. desember 1997 (418-F-000765/1997), var Skrúður (140992) afhentur Ísafjarðarbæ til fullrar eignar.

Með makaskiptasamningi landeigenda Núps og menntamálaráðuneytisins, vegna Héraðsskólans á Núpi, dags. 12. janúar 2006, þinglýstur 20. febrúar 2006 (418-F-000168/2006), fékk Héraðsskólinn (140979) til eignar umrætt verndarsvæði, þ.e. „land umhverfis Skrúð, 170 x 260 m [...] samtals um 41.593 m<sup>2</sup> að frádregnum Skrúðsreitnum [...].“ Í samningnum var ekki getið um aðrar kvaðir en umferðarrétt landeigenda Núps um vegslóða samhlíða verndarsvæðinu.

Ísafjarðarbær, vegna Skrúðs, og fjármálaráðuneytið, vegna Héraðsskólans á Núpi, vegna umrædds verndarsvæðis, eru sammála um að fyrrgreint samkomulag, dags. 12. júní 1994, sem þinglýst var á landnúmer Skrúðs (140992) þann 16. júní 1994, sé nú niður fallið.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar hinn 13. febrúar 2017, var samþykkt að kvöðinni yrði aflyst.

Ísafirði, 2017

f.h. Ísafjarðarbæjar

Samþykkt, 31/3 2017

  
f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytis